

5. nóvember 2025

Fréttatilkynning: Afkoma Sýnar hf. á þriðja ársfjórðungi ársins 2025.

Krefjandi ársfjórðungur en viðsnúningur í farvatninu

Árshlutareikningur samstæðu Sýnar hf. fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2025 var samþykktur á stjórnarfundi þann 5. nóvember 2025.

Heildartekjur á þriðja ársfjórðungi lækkuðu um 1,6% milli ára og námu 5.182 m.kr. á 3F 2025 samanborið við 5.266 m.kr. á sama tímabili 2024. Samdráttur milli tímabila skýrist að mestu af einskiptisáhrifum af yfirfærslu viðskiptavina í nýtt vöruframboð á haustmánuðum, sem hafði neikvæð áhrif á tekjur af sjónvarpsáskriftum og heimatengingum um samtals 90 m.kr. Þá voru bókfærðar tekjur vegna fjölmiðlastyrks, að fjárhæð 124 m.kr. á sama tímabili í fyrra, en engar slíkar tekjur komu á þessu tímabili. Hefði ekki komið til þessara liða hefðu heildartekjur vaxið milli ára. Þá voru tekjur vegna auglýsingasölu og hlutaneti (IoT) undir væntingum.

Rekstrarhagnaður (EBIT) á 3F nam 7 m.kr., samanborið við 199 m.kr. á fyrra ári. Samdráttur milli ára má helst rekja til ofangreindra tekjuáhrifa auk þess sem einskiptis launakostnaður á tímabilinu jókst um 60 m.kr. í tengslum við aukna markaðssókn og endurmörkun félagsins. Þá jókst annar rekstrarkostnaður jafnframt vegna þessa. Félagið gerir ráð fyrir viðsnúningi í rekstrarhagnaði á fjórða ársfjórðungi.

EBITDAaL var stöðugt milli ára og nam 821 m.kr. á 3F, samanborið við 823 m.kr. á sama tímabili í fyrra. Fjárfestingar í rekstri voru þó nokkuð hærri og námu 999 m.kr. og EBITDAaL að frádregnum fjárfestingum því neikvætt og nam -178 m.kr. á ársfjórðungnum samanborið við -237 m.kr. á sama tímabili í fyrra.

Tap eftir skatta nam 239 m.kr. á 3F 2025 samanborið við 17 m.kr. hagnað á sama tímabili 2024 en á samanburðartímabili var hagnaður eftir skatta af aflagðri starfsemi Endor samtals 125 m.kr..

Mikilvægum áfanga var náð með undirritun samnings við Nova hf. um framsal 4G og 5G dreifikerfa til Sendafélagsins. Samningurinn sem undirritaður var 30. október sl. markar næsta skref í hagræðingu fjarskiptaumhverfisins og mun lækka árlegar fjárfestingar um 200 m.kr. og skuldir félagsins um 960 m.kr. Samningurinn styrkir fjárhagslega stöðu Sýnar og eykur sveigjanleika í rekstri til framtíðar auk þess að stuðla að enn bættri þjónustu við notendur.

Eins og fram kom í afkomuviðvörðun sem birt var 16. október sl. var tekjusamsetning á tímabilinu önnur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þessi breytta samsetning leiðir til hliðrunar á tekjum á milli ársfjórðunga en skilar hins vegar sterkari og stöðugri tekjum til lengri tíma. Bráðabirgðaaðkvörðun Fjarskiptastofu um flutningsrétt keppinauts á línulegu sjónvarpsefni hefur haft neikvæð áhrif á tekjumyndun í fjölmiðlarekstri félagsins. Sýn hefur bent á að sjónvarpsefni félagsins sé aðgengilegt öllum, óháð fjarskiptafélagi, í gegnum app lausnir félagsins.

Samkeppnisumhverfi íslenskra fjölmiðla hefur breyst verulega á síðustu árum með erlendum efnisveitum og stöðu RÚV á auglýsingamarkaði sem hefur styrkst gagnvart innlendum samkeppnisaðilum. Nauðsynlegt er að endurstilla tekjumódel fjölmiðlarekstursins, þ.á.m. endurmeta hlutverk og nýtingu efnisréttar. Á sama tíma heldur vegferð félagsins áfram varðandi einfaldari rekstur til að styrkja kjarnastarfsemi og skilvirkni.

Bráðabirgðákvörðun Fjarskiptastofu var kærð og gildistíma hennar breytt. Málið er nú í áframhaldandi meðferð hjá Fjarskiptastofu og félagið bíður endanlegrar niðurstöðu þar.

Stjórnir Sýnar, Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf., Já hf. og Endor hf. samþykktu samrunaáætlun á fundi þann 28. mars 2025. Samruninn var endanlega staðfestur af stjórnnum félaganna þann 8. ágúst 2025 og afgreiddur af Fyrirtækjaskrá 1. október sl.. Samruninn er liður í stefnu félagsins um aukna hagræðingu og bættan rekstrargrundvöll með því að einfalda eignarhald og nýta samlegðaráhrif milli félaganna. Reikningshaldslega miðast samruninn við 31. desember 2025.

Helstu niðurstöður í rekstri á þriðja ársfjórðungi:

Tekjuskipting (m.kr.)	3F 2025	3F 2024	Br.	Br. %	9M 2025	9M 2024	Br.	Br. %
Fjölmiðlun	2,289	2,310	-21	-0.9%	6,975	7,099	-124	-1.7%
Internet	1,200	1,185	15	1.3%	3,658	3,492	166	4.8%
Farsími	1,147	1,160	-13	-1.1%	3,238	3,275	-37	-1.1%
Fastlína	109	105	4	4.3%	330	313	18	5.7%
Hýsingar- og rekstrarlausnir	62	74	-13	-17.2%	296	297	-1	-0.2%
Vörusala	178	260	-82	-31.7%	652	800	-149	-18.6%
Aðrar tekjur	197	172	26	15.0%	610	640	-30	-4.7%
Samtals	5,182	5,266	-84	-1.6%	15,759	15,916	-156	-1.0%

Rekstrartekjur samstæðunnar á 3F 2025 námu 5.182 m.kr. samanborið við 5.266 m. kr. á sama tímabili a.t.t. aflagðrar starfsemi Endor og lækkuðu um 1,6%. Samdráttur milli tímabila skýrist að mestu af einskiptisáhrifum af yfirfærslu viðskiptavina í nýtt vöruframboð á haustmánuðum, sem hafði neikvæð áhrif á tekjur af sjónvarpsáskriftum og heimatengingum um samtals 90 m.kr. Þá voru bókfærðar tekjur vegna fjölmiðlastyrks, að fjárhæð 124 m.kr., á sama tímabili árið áður, en engar slíkar tekjur komu á þessu tímabili í ár. Tekjur af farsímaáskriftum sýna góðan vöxt og jukust um 11,7% milli ára. Þó drógust heildarfarsímatekjur saman um 1,1% milli ára sem skýrist af 62 m.kr. samdrætti á IoT tekjum milli ára. Þá jukust tekjur af auglýsingasölu um 8,7% milli ára sem er þrátt fyrir vöxt undir væntingum stjórnenda.

Rekstrarreikningur að EBITDAal (m.kr.)	3F 2025	3F 2024	Br.	Br. %	9M 2025	9M 2024	Br.	Br. %
Tekjur	5,182	5,266	-84	-1.6%	15,759	15,916	-157	-1.0%
KSV&P	-2,074	-2,172	98	-4.5%	-6,452	-6,400	-52	0.8%
Laun og launatengd gjöld	-1,449	-1,378	-71	5.2%	-4,622	-4,588	-35	0.8%
Annar rekstrarkostnaður	-527	-462	-65	14.0%	-1,625	-1,562	-63	4.0%
Rekstrarkostnaður	-4,049	-4,011	-38	0.9%	-12,699	-12,550	-149	1.2%
EBITDA	1,133	1,254	-122	-9.7%	3,060	3,366	-306	-9.1%
Hreinar leigugreiðslur	-311	-431	120	-27.7%	-941	-1,084	142	-13.1%
EBITDAal	821	823	-2	-0.2%	2,119	2,282	-164	-7.2%

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu á 3F nam 2.074 m.kr og dróst saman um 4,5% milli ára (3F 2024: 2.172 m.kr.). Lækkun skýrist að mestu af lægri vörusölu á tímabilinu.

Laun og launatengd gjöld námu 1.449 m.kr. á 3F 2025 og jukust um 5,2% milli ára (3F 2024: 1.378 m.kr.). Eignfærður launakostnaður lækkaði um 21 m.kr. milli ára en einskiptis launakostnaður í kringum endurmörkun á félaginu og

breyttu vöruframboði nam um 60 m.kr. Þá var gjaldfærður kostnaður vegna kaupréttá um 9 m.kr. á fjórðungnum en Sýn hóf að veita starfsfólki sínu kauprétti á 4. ársfjórðungi 2024.

Annar rekstrarkostnaður nam 527 m.kr. á 3F samanborið við 462 m.kr. á sama tímabili í fyrra og jókst um 14% milli ára. Skýrist hækkun meðal annars af meiri aðkeyptri þjónustu í kringum endurmörkun félagsins og hlutfallslega minni eignfærslu á þeirri þjónustu en á samanburðartímabili.

EBITDA lækkaði um 9,7% milli tímabila og nam 1.133 m.kr. (3F 2024: 1.254 m.kr.).

Heinarar leigugreiðslur námu 311 m.kr. og lækkuðu um 27,7%. Lækkunin skýrist af leigusamningum tengdum Endor sem runnu sitt skeið á árinu.

EBITDAaL nam 821 m.kr. á fjórðungnum, samanborið við 823 m.kr. á þriðja ársfjórðungi 2024.

Rekstrarreikningur frá EBITDA (m.kr.)	3F 2025	3F 2024	Br.	Br. %	9M 2025	9M 2024	Br.	Br. %
EBITDA	1,133	1,254	-122	-9.7%	3,060	3,366	-306	-9.1%
Afskriftir í rekstri	-903	-824	-79	9.6%	-2,467	-2,392	-75	3.1%
Afskriftir vöruverkja og viðskiptasambanda	-52	-52	0	0.0%	-155	-154	-1	0.9%
Afskriftir leigueigna	-171	-178	8	-4.4%	-505	-514	9	-1.7%
Afskriftir samtals	-1,126	-1,055	-71	6.8%	-3,127	-3,060	-67	2.2%
EBIT	7	199	-193	-96.7%	-67	306	-373	-121.9%
Fjármagnsliðir	-310	-346	37	-10.6%	-888	-982	94	-9.5%
Hagnaður/Tap fyrir skatta	-303	-148	-156	105.4%	-955	-676	-279	41.3%
Skattar	64	39	25	65.0%	198	193	5	2.7%
Afkoma af aflagðri starfsemi	0	125			0	162		
Hagnaður/Tap eftir skatta	-239	17	-256		-757	-321	-436	136.1%

Afskriftir í rekstri námu samtals 903 m.kr. og jukust um 9,6%. Skýrist hækkun helst af hærri afskriftum í sýningarréttum.

Afskriftir vegna vöruverkja og viðskiptasambanda námu 52 m.kr., óbreytt milli ára.

Afskriftir leigueigna námu 171 m.kr. og lækka um 4,4% milli ára (3F 2024: 178 m.kr.).

Heildar afskriftir á tímabilinu námu 1.126 m.kr. og jukust um 6,8% (3F 2024: 1.055 m.kr.).

Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 7 m.kr. (3F 2024: 199 m.kr.) sem er lækkun um 193 m.kr. frá fyrra ári. Hafa ber í huga að einskriftisliðir bæði á tekju- og kostnaðarhlíð höfðu verulega neikvæð áhrif á þennan lið.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 310 m.kr., samanborið við 346 m.kr. í fyrra, sem er 10,6% lækkun milli ára sem skýrist af lægri vöxtum og lægri skuldastöðu á tímabilinu.

Hagnaður eftir skatta var neikvæður um 239 m.kr. (3F 2024: 17 m.kr.). Að teknu tilliti til hagnaðar af aflagðri starfsemi, 125 m.kr. á 3F 2024 og fjölmiðlastyrk hefði afkoma á samanburðartímabili verið neikvæð um 232 m.kr.

Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	3F 2025	3F 2024	Br.	Br. %
Tap tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi	-239	17	-256	-1518%
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi	1,386	1,257	129	10%
Veltufé frá rekstri	1,147	1,274	-127	-10%
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	1	525	-524	-100%
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	1,148	1,800	-652	-36%
Hrein greidd vaxtagjöld	-317	-386	69	-18%
Handbært fé frá rekstri	831	1,414	-583	-41%


Samdrátt í veltufé frá rekstri má rekja til þess að fjölmiðlastyrkur greiddist ekki út í ár. Á sama tímabili í fyrra barst greiðsla frá Ljósleiðaranum uppá 460 m.kr en einnig spilaði inn uppgjör við erlenda birgja. Vaxtabyrði lækkar um 69 milljónir á milli tímabila sem skýrist af lækkun vaxta og lægri stöðu á lánaðinum innan tímabilsins.

Fjárfestingarhreyfingar	3F 2025	3F 2024	Br.	Br. %
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum	-148	-89	-59	67%
Fjárfestingar í óefnislegum eignum	-110	-194	84	-43%
Fjárfestingar í sýningarréttum	-741	-778	37	-5%
Fjárfestingar	-999	-1,060	61	-6%
Sala eignarhluta	0	100	-100	
Fjárfestingahreyfingar samtals	-999	-960	-39	4%

Fjárfestingar námu 999 m.kr. á þriðja ársfjórðungi 2025, samanborið við 1.060 m.kr. á sama tímabili í fyrra. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum jukust milli ára sem skýrist að mestu í hærri innkaupum á endabúnaði. Innleiðingarverkefni á nýjum kerfum á fyrra ári skýrir lækkun í fjárfestingum á óefnislegum eignum. Fjárfestingar í sýningarréttum drógust saman um 37 m.kr. milli ára en gert er ráð fyrir að þær aukist á síðasta fjórðungi ársins. Þá er minni fjárfestingaþörf í fjarskiptainnvíðum eftir að samkomulag náðist við Nova um Sendafélagið. Fjárfestingahreyfingar hækka um 4% milli ára en í fyrra var eignarhluti í dótturfélagi seldur fyrir 100 m.kr.

Fjármögnunarhreyfingar	3F 2025	3F 2024
Afborganir vaxtaberandi skulda	-84	-84
Rekstrarlán, breyting	216	-2
Afborgun leiguskuldbindinga	-160	-257
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-28	-343

Afborganir vaxtaberandi skulda námu 84 m.kr. á fjórðungnum og breyting á rekstrarlánum nam 216 m.kr. samanborið við 2 m.kr. í fyrra. Afborgun leiguskuldbindinga nam 160 m.kr. á fjórðungnum og lækkar um 97 m.kr. frá fyrra ári og skýrist af því að hluti af leigusamningum tengdum Endor hafa runnið sitt skeið.



Handbært fé í lok ársfjórðungsins er því 153 m.kr. og lækkar um 196 m.kr. frá upphafi tímabils. Aukning í sölu á þökkum á kostnað stakra áskrifta í fjórðungnum veldur um 200 m.kr. hliðrun í sjóðstreymi vegna inngöngutilboða sem slíkum þökkum fylgja.

Efnahagur 30. september 2025:

Efnahagsreikningur	30/09/2025	31/12/2024	Br.	Br.%
Fastafjármunir	21,891	24,374	-2,483	-10%
Veltufjármunir	8,328	6,676	1,651	25%
Eignir samtals	30,219	31,050	-832	-3%
			0	
Eigið fé	7,919	8,652	-734	-8%
Langtímaskuldir	15,195	15,741	-545	-3%
Skammtímaskuldir	7,106	6,657	448	7%
Skuldir samtals	22,301	22,398	-97	0%
Eigið fé og skuldir samtals	30,219	31,050	-832	-3%
Hreinar vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	6,544	6,216	328	5%
Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingu	18,459	18,274	185	1%

Heildareignir félagsins í lok fjórðungsins námu 30.219 m.kr. samanborið við 31.050 m.kr. um áramótin. Eigið fé í lok tímabilsins nam 7.919 m.kr. og eiginfjárhlutfall var 26,3%. Hreinar vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga námu 6.544 m.kr. í lok tímabilsins og hækka um 328 m.kr. frá upphafi árs. Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingum námu 18.459 m.kr. og hækka um 185 m.kr. frá upphafi árs.

Með nýundirrituðum samning við Nova um Sendafélagið hefst formlegt ferli við framsal 4G og 5G dreifikerfa (RAN-kerfa) félaganna til Sendafélagsins, sem mun framvegis annast rekstur þessara innviða.

Í tengslum við viðskiptin hafa viðkomandi eignir verið færðar úr hefðbundnum rekstrarfjármunum yfir í eignir haldið til sölu á efnahagsreikningi félagsins:

- 1.522 m.kr. af fjarskiptainnviðum (rekstrarfjármunum) eru færðar undir þennan lið.
- 258 m.kr. af óefnislegum eignum eru einnig fluttar í sama flokk.

Þessi viðskipti endurspegla stefnu félagsins um að auka skilvirkni í rekstri, lækka fjárfestingaþörf og styrkja fjárhagslega stöðu sína með sölu tiltekinna innviða. Eftir endurfjármögnun Sendafélagsins munu skuldir Sýnar lækka um 960 m.kr., árlegar fjárfestingar dragast saman um 200 m.kr., og afkoma Sendafélagsins færast undir liðinn „áhrif hlutdeildarféлага“ í reikningshaldi félagsins. Samkvæmt núverandi áætlunum er gert ráð fyrir að heildarafkoma Sendafélagsins verði um 130 m.kr. á fyrsta rekstrarári.

Horfur og afkomuspá

Ný afkomuspá sem birt var á markaði 16. október sl. gerir ráð fyrir að EBITDAaL verði um 3.450 m.kr., fjárfestingar ársins verði um 3.150 m.kr. og að EBITDAaL að fráðregnum fjárfestingum verði um 300 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður (EBIT) verði um 350 m.kr. á fjórða ársfjórðungi og um 280 m.kr. á árinu 2025.

Herdís Dröfn Fjeldsted, forstjóri:

„Þriðji ársfjórðungur var krefjandi, en við sjáum nú merki um viðsnúning. Samningurinn við Nova um framsal 4G- og 5G-dreifikerfa til Sendafélagsins er lykilskref sem lækkar fjárfestingaþörf, bætir nýtingu innviða og styrkir sjóðstreymi.“

Tekjur og EBIT hafa dregist saman á þriðja ársfjórðungi en EBITDAaL er í jafnvægi og rekstrargrundvöllurinn að styrkjast. Við höldum áfram að aðlaga okkur að breyttu rekstrarumhverfi með því að einfalda starfsemi, bæta þjónustu, nýta tækifæri og mæta áskorunum sem felast í hraðri tækniþróun og breyttum neysluvenjum. Samhliða er unnið að endurskoðun á rekstrarmódeli fjölmiðla.“

Fjárhagsdagatal:

- | | |
|--------------------------------|------------------|
| ✓ Afkoma 4F og ársuppgjör 2026 | 26. febrúar 2026 |
| ✓ Aðalfundur | 26. mars 2026 |

Frekari upplýsingar

- Ekki verður haldin fjárfestafundur til að kynna uppgjör 3. ársfjórðungs. Næsti fjárfestafundur verður haldinn 27. febrúar 2026 í kjölfar birtingar ársuppgjörs 2025.
- Tekið er á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@syn.is.
- Nánari upplýsingar má nálgast á síðu fjárfestatengsla Sýnar á <https://syn.is/fjarfestatengsl> og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.